




## Ársskýrsla Vesturlandsdeildar 2018 – 2019



### Stjórn Vesturlandsdeildar SLFI starfsárið 2018-2019

Frá vinstri: Guðrún Drífa, Inga Birna, Fanney, Inga Lilja, Thelma Björk.

#### Ágætu félagsmenn

Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var 31 október 2018, á B59 í Borgarnesi var kosin ný stjórn Vesturlandsdeildar. Þar var kosin ný stjórn í heild sinni og tók hún formlega við keflinu um mánaðarmót nóvember/desember það ár. Þett var mjög skemmtilegur aðalfundur með góðum mat og félagsskap þar sem Ingó Veðurguð setti síðan punktinn yfir i-ið. Við þökkum fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og skemmtilegan aðalfund.

#### Stjórn Vesturlandsdeildar:

Formaður:

Inga Lilja Sigmarsdóttir

Meðstjórnendur:

Thelma Björk Bjarkadóttir, gjaldkeri.

Guðrún Drífa Halldórsdóttir, ritari.

Inga Birna Aðalbjargardóttir.

Fanney Reynisdóttir.

#### Nefndir:

Kjörstjórn:

Thelma Björk Bjarkadóttir

Guðrún Drífa Halldórsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Skúladóttir

Halla Magnúsdóttir



### **Gestir á aðalfundi:**

Sandra Bryndísardóttir Franks tók að sér fundarstjórn og Ingólfur Þórarinsson, oft kallaður Ingó Veðurguð, sá um söng og gleði eftir fundinn.

Þetta starfsár hefur farið svolítið í það að koma sér inn í hvernig hlutirnir virka og hvers sé ætlast til af okkur. Við höfum haldið fjóra fundi yfir starfsárið þar sem ýmis málefni hafa verið rædd.

Félagsstjórnafundir voru haldnir í febrúar, maí og október.

Fulltrúaþing var haldið í maí. Þar áttum við tvo fulltrúa, þær Thelmu Björk og Guðrúnu Drífu ásamt formanni.

Trúnaðamannaráðsfundir voru haldnir í febrúar og október.

Gaman að sjá hversu öflugan hóp trúnaðarmanna við eigum.

Jólahittingur sjúkraliða á Akranesi var haldinn 13 desember 2018 í mötuneyti sjúkrahússins. Þátttaka var góð, við borðuðum góðan mat og áttum saman notalega stund.

### **10. apríl**

Sandra og Gunnar komu á fund uppi á Akranesi í sambandi við kjaraviðræður. Á þessum fundum hefur verið rætt um starfsumhverfi sjúkraliða og launakjör, áherslur í komandi kjaraviðræðum, auk þess hefur verið kallað eftir viðhorfum og væntingum til kjaramála. Þá hefur einnig verið farið yfir viðeigandi stofnanasamninga til að varpa ljósi á virkni þeirra. Bent á uppfærða heimasíðu og nýjar leiðir til að kalla fram upplýsingar frá félaginu, rætt um átaksverkefnið okkar um ímynd sjúkraliða og tekið við ábendingum um hvaðeina.

### **22 ágúst**

Reykjavíkur-, Vesturlands-, Suðurnesja-, Suðurlands- og Vestmannaeyjadeildir SLFÍ tóku höndum saman og skipulögðu saman dagsferð. Farið var í Þórsmörk þann 22 ágúst 2019 og tókst sú ferð mjög vel.

### **26. nóvember**

Þann 26. nóvember ár hvert er Evrópudagur sjúkraliða. Markmið dagsins er að vekja athygli á störfum sjúkraliða hvar sem þeir starfa og minna á nauðsyn slíkrar fagstéttar innan heilbrigðiskerfisins sem einnar af undirstöðum þess.

Sjúkraliðar starfa á öllum heilbrigðisstofnunum landsins og hjúkrunardeildum sjúkrahúsa auk fjölda þjónustudeilda, hjúkrunarheimila, heimahjúkrunar, félagsþjónustu, læknastofa og skóla.

26. nóvember er haldinn hátíðlegur í öllum aðildarlöndum EPN – The European Council of Practical Nurses – en Sjúkraliðafélag Íslands er eitt af stoltum aðildarfélögum þess.



Sjúkraliðar í Vesturlandsdeildinni voru hvattir til að minna á sig t.d. með því að bjóða vinnufélögum á sinni starfsstöð í kaffi.

Svæðisdeild Vesturlands liggur frá Hvalfjarðarbotni að sunnan að Barðaströnd að norðan. Dildin var stofnuð 4. nóvember 1991 og átti því 28 ára afmæli árið 2018, styttist óðum í stórafmæli hennar.

Skráðir félagsmenn árið 2018 voru 155 talsins.

Á þessu starfsári (2018-2019) var engin útskrift sjúkraliðanema frá Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Fyrir hönd Vesturlandsdeildar,  
Inga Lilja Sigmarsdóttir